

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 127/2019**

2022/EES/69/21

frá 8. maí 2019

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1973 frá 7. desember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 909/2013 um tækniforskriftir fyrir rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi fyrir siglingar á skipgengum vatnaleiðum (ECDIS-kerfi fyrir skipgengar vatnaleiðir) sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 49ae (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 909/2013) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 R 1973:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1973 frá 7. desember 2018 (Stjtíð. ESB L 324, 19.12.2018, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1973, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 324, 19.12.2018, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.